

BMF-2016-03 Breiðdalsgáttin

Hér er hugmynd sem kom fram á fyrsta íbúáþinginu og hefur verið að þróast síðan. Þessi hugmynd er góð og styður við sérstöðu staðarins og þá ferðamennsku sem hér er stunduð. Þörf er þó á að útfæra hugmyndina og hanna svo og finna rétta staðinn. Lögð er áhersla á að haft verði samráð við einstaklinginn sem kom með hugmyndina á fyrsta íbúáþingið.

Hugmyndin gengur út á að koma upp dyrum sem markaðssettar yrðu sem „The Pointless Door of Iceland“. Dyrnar yrðu staðsettar á Þverhamarshjalla og að honum lagður göngustígur, (stikun eða möl). Velja staðsetningu og vegalengd fyrir dyrnar, þannig að miðað yrði við um það bil 20 mínútna göngu. Gætu mögulega verið staðsettar fyrir ofan Café Margrét. Þeir sem færu í gegnum dyrnar fengju viðurkenningu og létu taka mynd af sér þar. Viðurkenningu væri hægt að fá t.d. í Gamla Kaupfélaginu eða Kaupfjelaginu. Hafa mætti upplýsingaskilti á leiðinni með fjallanöfnum og öðrum örnefnum og útsýni. Verkefnið fær styrk til undirbúnings og hönnunar.

Verkefninu var úthlutað 150.000 kr. árið 2016.